

ef á hefði þurft að halda, sem ekki varð, því að sjúkl-
ingnum var farið dálítið að batna.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna áfryj-
anda í máli þessu, og hlýtur stefndi því að greiða hon-
um málskostnað fyrir báðum dómum, sem skal ákveð-
inn 40 krónur.

Það athugast, að birtingarvottorð stefnuvottanna á
stefnuna til undirréttarins, fyrirkallið til sáttanefndarinnar,
birting þess og vottorð sáttanefndarinnar um að hún
hafi reynt að sætta málspartana og vísað málinu til
dómstólanna, er alt ritað á laust blað, sem fylgir dóms-
gjörðunum, og er þessi aðferð undirdómarans röng, þó
að við svo búið megi standa að þessu sinni.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Áfryjandi Pétur Þorðarson á að vera sýkn af
kærum og kröfum stefnda Guðm. B. Scheving í
máli þessu, og greiði stefndi áfryjanda í málskostnað
að 40 kr., sem lúkist innan 8 vikna frá lögbirting
dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 22. októbermánaðar.

Nr. 38/1906:

Hið opinbera

gegn

Jóni verzlunarstjóra Laxdal.

D ó m u r :

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðarkaupstaðar, gengnu-
um 23. júlímán. þ. á., var hinn kærði Jón Laxdal,

verzlunarstjóri Leonh. Tang & Söns verzlunar á Ísafirði, dæmdur fyrir brot gegn lögum um almannafrið á helgidögum Þjóðkirkjunnar 20. desbr. 1901, til að greiða 20 kr. sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar eða til vara 5 daga einfalt fangelsi. Svo var hann og dæmdur til að greiða allan málskostnað.

Þessum dómi hefir að beiðni hins kærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Málsatvik eru, að á uppstigningardag 24. maí síðastl. lét kærði nokkra kvenmenn vinna að saltfisksþvotti fyrri part dags fram undir hádegi á bryggju við Hafnarstræti á Ísafirði, og var hætt við vinnuna laust fyrir messu að tilhlutun lögreglustjóra. Kærði hefir haldið því fram, að slík vinna væri ekki brot á helgidagalögjöfinni, af því að það hafi tíðkast á Ísafirði að hafa fiskverkun um hönd á helgidögum án þess að það hafi verið átalíð.

Hlutaðeigandi lögregluþjónn, sem kærði brotið fyrir lögreglustjóra, hefir staðhæft, að kaupmenn hafi aldrei, í þau 12 ár, sem hann hefir verið lögregluþjónn á Ísafirði, látið þvo fisk á helgidögum, og hefir kærði játað að skýrsla lögregluþjónsins sé rétt. Með því nú að vinnan fór fram á þeim stað — rétt hjá fjölfarinni götu og ekki langt frá kirkjugarðinum — að hún hlaut að raska friði helgidagsins, og þar sem fiskþvottur ekki er þess eðlis að ekki megi fresta honum, hefir kærði orðið brotlegur gegn 1. gr. laga um almannafrið á helgidögum Þjóðkirkjunnar 20. desbr. 1901, og kemst hann því ekki hjá að greiða sekt samkvæmt 10. gr. nefndra laga, er þykir hæfilega metin 10 kr. og renni í bæjarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar. Yfirdómurinn felst á

ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað í héraði og ber kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði Jón verzlunarstjóri Laxdal greiði 10 kr. sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar. Svo greiði hann og allan af málinu bæði í héraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 29. október.

Nr. 36/1906:

Hið opinbera

gegn

Bárði Kristjáni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur uppkveðnum 8. ágúst þ. á. var hinn kærði Bárður Kristján Guð-